


Norrænn vefnaður á Kjarvalsstöðum


Báðir salir og allir gangar eru nú undirlagðir af hinna umfangsmiklu vefnaðar-sýningu Nordisk Textiltiennal 1979-80. Eins og sjá má á nafni sýningarinnar, en það hugmyndin, að þessi sýning verði til hvert þriðja ár. Það eru einmitt þrjú ár síðan við fengum að sjá hina fyrstu þessarar tegundar, og nú hefur þessi sýning farið um öll Norðurlönd, og endaspætturinn er Reykjavík. Eins og lætur nærri, er forvitnilegt að fá sýningar sem þessa í heimsókn. Eg hafði mikla ánægju af fyrstu sýningu þessarar gerðar, er var hér á sínum tíma, eins og áður segir. Sýning þessa árs er nokkuð misjöfn. Enda vart að búast við öðru, þar sem um svo stóran hóp vefara er að ræða, og þar að auki eru sýnendur sprottnir úr misjöfnum jarðvegi. Það er að segja, hafa mismikla hefð að baki sér og vinna við ýmsar aðstæður, sem ekki skulu nánar raktar hér, end er ég ekki nægilega fróður um þá hluti til að gera þá að umtalsefni.

Ef mér skjátlást ekki, er þessi sýning ekki eins vel valin og sú fyrsta. Hún virðist ekki eins fersk og nýstárleg og sú fyrri. Það er eins og maður hitti gamla kunningja í sumum þessara verka, og það gæti læðst inn í huga manna, að annaðhvort hefðu engir nýir vefarar komið fram á Norðurlöndum, eða að þröng sjónarmið hafi ráðið valinu. Hvað sem veldur, varð áhugi minn á þessar sýningu ekki eins mikill og á hinna fyrstu. Ef til vill er of stuttur tími liðinn, síðan við fengum að sjá þessa veflist? Ekkert skal ég fullyrða um það, en hinu get ég ekki leynt, að margt af þessum sýningarmunum gerðu mér ekki rúmrusk, ef svo mætti til orða taka.

Auðvitað eru þarna sérlega vel gerðir munir og sitthvað, sem lætur til sín taka, en megnið er ekki nema til að sanna, að á Norðurlöndum eru til vefarar, sem kunna sitt handverk. Flest eru þetta konur, en aðeins örfáir karlmenn. Á sýningunni eru yfir níutíu verk og kennir þar eðlilega ýmissa grasa. Ögerningur er í stuttri umsögn að tína, nema einstaka hluti fram. Janne Mandrup á þarna mjög einfalt og fallegt verk, sem heitir *Billedtæppe i tre delar*, einnig mætti benda á stórt verk eftir Jette Navers, sem sópar að. Astrid




16. En av tre delar
Eftir
Kim Naver



52. Stengsler
Eftir
Inger-Johanne
Brautaset

Andressen Geyti stendur sig ágætlega fyrir hönd Færeyja. Frá Finnlandi nefni ég Yosi Anaya, Sirkka Lehto, Irja Mikkola. Ásgerður Búadóttir er sú af okkar kvinnum, sem gerir garðinn frægan. Synnöve Anker Aurdal á þarna feikna fallegt teppi, sama verður sagt um verk No. 53 eftir Kari Björg Ie, og Ingunn Skogholt á eitt fegursta verk á þessari sýningu. Þá kemur Nellie Anderson, sem nær furðu miklum málverkaáhrifum í teppi sín, en hvort það eykur gildi vefnaðar eður ei, skal látið ósagt hér. En það vekur eftirtekt. Birgitta Modig á þarna einnig athyglisvert teppi.

Það væri ástæða til að nefna fjölda annarra vefara í þessi skrifti, en upptalningar eru ætíð bæði leiðinlegar og ólæsilegar, svo að við skulum ekki fara lengra í þeim sálum. Heildarsvipur þessa Triennale er að sumu leyti skemmtilegur, en samt finnst mér eins og hér sé á ferð sýning, sem bætir ekki mikið við þá, er var hér fyrir þrem árum. Þarna kennir mjög margrar tæknilegrar fullkunnar, sem er aðeins fyrir sérfræðinga í vefnaði að fást við. Þrátt fyrir fávísu á þessu sviði, er ég viss um, að vefnaður þessi er í heild norrænu fólki til söma. En það er ekki allt með felldu við



44. Atlantis
Eftir
Ásgerður
Búadóttir

þessa sýningu, hvað það er, veit ég ekki, en segja mætti mér, að nokkuð þröngt væri hugsað á stundum.

Þessi sýning er stór viðburður í listalífi okkar hér í borg, en það er annar viðburður á ferð á sama tíma í Norræna húsinu, og er það ef til vill heldur mikið fyrir okkur að kingja þessu öllu á sömu vikum. En þetta eru gerólikir viðburðir, og við ættum að geta melt eitt-hvað af því, sem til boða er, ef við kunnum okkur hóf. Hér er á ferð samnorðnað áttak, sem er til fyrirmyndar. Mikil og vel gerð sýningarskrá fylgir þessum verkum og

er eigulegur gripur. Ef ekki kæmi til kraftar frá öllum þessum þjóðum, væri óhugsandi, að slíkar sýningar gætu orðið að veruleika og farið um þær lendur, sem núverandi sýning hefur gert. Þannig mætti norræn samvinna vera á fleiri sviðum, en við skulum ekki fara nánar út í það að sinni.

Það er vafalítið, að margir eiga erindi á þessa sýningu, og ég vil hvetja fólk til að heimsækja Kjarvalsstaði. Það hefur ætíð verið nokkuð um vefnað á Íslandi, og ég trúi því ekki, að áhugi fólks eigi ekki enn eftir að fá byr undir vængi í sambandi við þessa skemmtilegu og fallegu listgrein.

Átthagakóramót

Samkór Selfoss og Árnesingakórinn í Reykjavík héldu tónleika í Bústaðakirkju um síðustu helgi og fluttu aðallega söngva í svo nefndum ættjarðarlaga-stíl. Samkór Selfoss flutti lög eftir söngstjórnann Björgvin P. Valdimarsson, Sigvalda Kaldalóns, Pálmars P. Eyjólfsson, Sigurð Ágústsson, Þórarinn Guðmundsson og Sigfús Halldórsson. Auk þess flutti kórinn Undir bláum sólarsali, í útsetningu Emils Thoroddsens, og Anvilkórinn eftir Verdi. Það var á köflum falletur hljómur í kórnum en flest lög eru þannig að gerð, að lítið reynir á annað en að syngja hreint, nema þá helst í útsetningu Emils og svo Anvil-kórnum eftir Verdi. Af þeim lögum er undirritaður hefur ekki áður heyrt er lag söngstjórans, við kvæðið Selfoss eftir Frimann Einarsson, og lag Pálmars P. Eyjólfssonar, við kvæðið Svarfadaðardalur eftir Huguðinu, það áheyrilegasta. Grátittlingurinn eftir Sigurð Ágústsson er stærra að gerð en fyrrnefnd lög, en óþægilega laust í formi og klöfið sundur með smekklásum millipáttum

fyrir píanó. Um útsetningar söngstjórans á lögnum eftir Þórarinn Guðmundsson og Sigfús Halldórsson er það að segja, að tæplega er rétt að kalla þær meira en umritun fyrir kór, þar sem stuðst er við hljómsætið frumgerðarinnar. Öðru máli gegnir um útfærslu söngstjórans

á lagi Sigvalda Kaldalóns við Sprengisand Gríms Thomsens. Eitt mætti laga í þeirri raddsetningu og það er millisöngsatriðið á undan þriðja erindinu. Trúlega yrði það áhrifameira samtengt við lagið í stað þess að vera sjálfstætt millispil og rjúfa þar með spennuna í laginu.

Eftir hlé söng Árnesingakórinn í Reykjavík undir stjórn Helgu Gunnarsdóttur lög eftir Brahms, Mendelssohn, Bellman

og undirritaðan. Þrátt fyrir fámenni var söngur kórsins snoturlega útfærður. Það ber að hafa í huga að báðir stjórnendurnir eru ungir og eiga margt eftir

Tónlist

eftir JÓN
ÁSGEIRSSON

ólært og ekki síður kórfólkið. Efnisskrá Árnesingakórsins er nokkuð erfið og þess gætti í flutningi kórsins, sérstaklega í þeim lögum er reyndu á raddgæði söngfólksins. Tónleikunum lauk með samsöng kóranna.

Sameiginlega hefðu kórarnir mátt syngja fleiri lög. Undirleikari með Samkór Selfoss var Geirþrúður Bogadóttir sem skiladi sínu verki mjög smekklega. Jón Ásgeirsson.

Til styrktar góðu málefni

Hamrahlíðarkórinn og Lúðraflokkur Kópavogs héldu tónleika sl. sunnudag til að safna fé til byggingar aldraðra í Kópavogi. Ekki verður hrópað húrur fyrir Kópverjum vegna mikillar aðsóknar og vantaði nokkuð á að unga fólkið hefði erindi sem erfiði. Bernharður Guðmundsson stjórnaði skemmtuninni og kvað það öllum mönnum sameiginlegt að eldast. Vonandi þurfa þeir, er ekki höfðu tíma til að ljá þessu unga fólki lið, aldrei að vera upp á aðra komnir með skjól og atléti, er Elli kerling hefur knésett þá. Þó svo að

Kópverjar létu sitt eftir liggja var engan bilbug að finna á ungmennum er komu fram. Tónleikarnir voru sérkennilegt sýnishorn tveggja ólíkra þátta í tónmennt þjóðarinnar. Hamrahlíðarkórinn hóf tónleikana og kom kórinn syngjandi inn í salinn, fulltrúar nýrrar kynslóðar, sem hefur gróðursett lífstré sitt í fegurð og heilbrigði, fulltrúar fegursta æskufólks, sem fagnað hefur vori á Íslandi. Kórinn söng undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur þjóðlög frá ýmsum löndum, ítalska madrigala og íslensk lög. Kórinn flutti

söngva sína frábærlega vel. Það, sem er sérkennilegt við söng þeirra, er að hver einstaklingur í kórnum er að tjá sig sjálfur, en ekki aðeins að þjóna undir einhverja stjórnun. Það er þessi hæfileiki Þorgerðar að einstaklingarnir verða sjálfstæðir og frjálsir í samvirkri athöfn, undir strangri stjórn hennar.

Eitt eftirtektarverðasta lagið, sem kórinn söng að þessu sinni, var ítalskur madrigal. Lagið er sennilega frá fyrri hluta 16. aldar og í líkum stíl og tónsmíðar eftir Jakob Arcadelt (1514-1567), en á handriti er ekki getið

höfundar. Þorgerður lét þess getið, er hún kynnti lagið, að það hefði fundist í Svíþjóð og er talið að þangað hafi það borist með sænskum námsmönnum á 16. eða 17. öld. Hornaflokkur Kópavogs var næst á dagskrá og flutti marsa, valsa og alls konar tónlist. Með hljómsveitinni léku tvö ungmenni einleik og fórst það vel úr hendi. Tónleikunum lauk svo með því að kórinn og Hornaflokkurinn sungu og léku Ísland ögrum skorið, eftir Sigvalda Kaldalóns, en hljómléikagestir stóðu upp og sungu með. Jón Ásgeirsson.